

Aðalnámskrá framhaldsskóla

Hársnyrtiiðn

**Menntamálaráðuneytið
2005**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Inntökuskilyrði.....	3
Skipulag náms.....	3
Nám og kennsla.....	3
Námsmat.....	4
Vinnustaðanám.....	4
Lokamarkmið.....	5
Brautarlýsing	6
Skipting náms á annir	7
Áfangalýsingar.....	8-23

Inngangur

Hársnyrtiið varð til þegar tvær sjálfstæðar iðngreinar, hárgreiðsla og hárskurður, voru sameinaðar í eina iðngrein árið 1993. Námskrá fyrir hina nýju iðngrein var staðfest af menntamálaráðherra árið 1996 og var námið þá jafnframt lengt úr þremur og hálfu í fjögur ár.

Fyrirliggjandi námskrá hefur verið unnin af starfsgreinaráði snyrtigreina. Hún lýsir markmiðum námsins, skipulagi þess og tilhögun kennslu og námsmats í hársnyrtiið. Lýst er lokamarkmiðum náms í heildstæðum áfangakeðjum og færnikröfur náms í hársnyrtiið útfærðar nánar í einstaka námsáföngum. Framhaldsskóli sem býður nám í hársnyrtiið útfærir frekar markmið námskrár í skólanámskrá.

Áfangalýsingar í almennu bóknámi er að finna í greinanámskrám aðalnámskrár framhaldsskóla sem er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

Hársnyrtiið er þjónustustarf. Starfið er mjög krefjandi og er útfært í nánnum tengslum við viðskiptavininn. Ráðgjöf um persónulegt útlit er stór hluti starfsins og krefst það listræns innsæis fagmannsins. Hársnyrtir þarf að búa yfir þekkingu á herra- og dömuformum og hafa til að bera þekkingu á tísku og tíðaranda hverju sinni þannig að handverkið njóti sín sem best. Hársnyrtiið er samspil listrænnar sköpunar og faglegrar þekkingar, sem aflað er með námi í iðnskóla, og starfsþjálfunar á vinnustað.

Inntökuskilyrði.

Skilyrði til innritunar í nám í hársnyrtiið er að nemendur hafi lokið skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla og einnig lokið samræmdum lokaprófum í íslensku og stærðfræði og náð tilskildum lágmarksárangri skv. ákvæðum 2. gr. reglugerðar um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 98/2000.

Skipulag náms.

Nám í hársnyrtiið er samningsbundið iðnnám. Meðalnámstími er 4 ár, samtals 167 einingar, að vinnustaðanámi meðtöldu. Námið skiptist í almennt bóklegt nám og verklegt nám í skóla sem fer fram á fimm námsönnum. Nemendur byrja á að taka tvær samfelldar námsannir í skóla og hefja að því loknu starfsþjálfun á vinnustað. Vinnustaðanám er 72 vikur og skulu nemendur gera áætlun um það í samráði við vinnuveitanda og skóla hvernig þeir hyggjast flétta saman námsönnum í skóla og starfsþjálfunarlotum á vinnustað. Dæmi um það hvernig raða má skólanámi og starfsþjálfun á vinnustað er gefið hér á eftir. Námi í hársnyrtiið lýkur með sveinsprófi.

Nám og kennsla

Í kennslu er mikilvægt að leita leiða til að þjálfar verklega færni nemenda og auka jafnframt skilning þeirra á mikilvægi faglegra vinnubragða í samræmi við markmið námskrár. Námi og kennsla þarf jafnframt að setja skýr markmið varðandi vinnubrögð og aðferðir. Lögð er áhersla á að þjálfar færni til þess að takast á við raunveruleg viðfangsefni þar sem fyrirmæli, verklýsing og vinnuáferðir, liggja fyrir en jafnframt verði leitast við að þjálfar nemendur til þess að takast á við verkefni þar sem lausnir liggja ekki í augum uppi. Leit að lausnum krefst bæði hugkvæmni og rökvísi sem mikilvægt er að þjálfar með nemendum.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er lögð mikil áhersla á að nemandinn kynnist notagildi upplýsinga- og samskiptatækni og læri að beita henni í námi sínu. Möguleikar til að afla upplýsinga, meðhöndla og miðla ýmiss konar gögnum hafa gjörbreyst með tilkomu upplýsinga- og

samskiptatækni þó að aðrar upplýsingaveitur, s.s. prentað mál og myndmál, haldi gildi sínu. Með hjálp tölvuforrita, teikniforrita, svo dæmi séu tekin, opnast nýir möguleikar til margvíslegra athugana og myndrænnar túlkunar.

Nám og kennsla í hársnyrtiiðni miðast við að veita almenna, faglega undirstöðumenntun í greininni, auka færni nemenda í meðferð hársnyrtivara og beitingu áhaldna og tækja. Leitast er við að þjálfa sjálfstæð vinnubrögð nemenda og auka hæfileika og getu þeirra til samvinnu við aðra. Þá er stefnt að því að nemendur auki færni sína til þess að standast kröfur iðngreina um nákvæmni, áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Hársnyrtar vinna í mikilli nálægð við viðskiptavinum sína og því er mikilvægt að þjálfa samskiptafærni nemenda og getu þeirra til þess að öðlast skilning á þörfum viðskiptavina. Í námskrá fyrir hársnyrtiiðni er lögð áhersla á að rækta með nemendum jákvætt viðhorf til gæða í þjónustu.

Námsmat

Tilgangur námsmats er m.a. að kanna að hve miklu leyti nemandi hefur tileinkað sér markmið sem sett eru í viðkomandi áföngum. Æskilegt er að meta nám nemenda með fjölbreytilegum hætti. Umfang þess skal þó að jafnaði vera í samræmi við kennslu í viðkomandi áfanga.

Námsmat hefur mikið notagildi í kennslu í hársnyrtiiðni. Reynt skal að afla eins öruggar og víðtækrar vitneskju um árangur nemenda og kostur er og fylgjast vandlega með því hvernig þeim gengur að ná þeim markmiðum sem námskráin og skólinn setur. Á þennan hátt getur kennari fylgst með framförum nemenda og gert sér grein fyrir áhrifum og þróun kennslunnar.

Sú vitneskja sem námsmatið veitir hjálpar hverjum kennara til að setja náminu ný markmið og gefur oft tilefni til breytinga á kennsluáferðum og námsefni og niðurröðun þess á skólaárið. Þá getur námsmat í hársnyrtiiðni verið mikilvægt tæki til að hafa áhrif á nemendur svo að þeir nái betri námsárangri. Námsmatið gefur nemendum möguleika á því að fylgjast með eigin árangri í námi. Slíkt leiðir í flestum tilvikum til aukins áhuga og betri árangurs. Í kennslunni eru margir möguleikar á því að kanna og meta námsárangur og afkastagetu nemenda. Dæmi um möguleika á útfærslu námsmats eru verkefni af ýmsu tagi sem nemendur leysa í kennslustundum eða í heimavinnu. Einnig má nefna skrifleg eða verkleg próf sem lögð eru fyrir nemendur.

Námsmat byggist m.a. á

- verkefnum sem nemandi vinnur í kennslustundum og utan þeirra
- frammistöðu í kennslustundum og árangri í skyndiprófum
- skriflegu lokaprófi sem reynir á þekkingu á efnisatriðum og rök fyrir tengslum ólíkra efnisþátta
- verklegum prófum

Vinnustaðanám

Vinnustaðanám er skipulagt á þann hátt að um er að ræða sjálfstæða þjálfun úti í fyrirtækjum. Skipulag þess tekur mið af lokamarkmiðum námsins. Markmið vinnustaðanámsins er m.a. að þjálfa nemandann til þess að takast á við sífellt flóknari viðfangsefni þar sem saman fara vinnuhraði, fagleg vinnubrögð, nákvæmni, færni og kröfur um að fyllstu öryggisþáttum sé fullnægt. Krafan um aukin gæði og þjónustu fyrirtækja er stöðug og vaxandi og því er það mikilvægt að fagfólk í hársnyrtiiðni hugi vel að möguleikum sínum til símenntunar.

Tilgangur vinnustaðanáms er að nemandinn fái aukna færni og öðlist reynslu í þjónustu við viðskiptavinum, þjálfa verkætækni og fagleg vinnubrögð. Við upphaf námstíma skal skólinn útskýra eðli, mikilvægi og innihald vinnustaðanámsins fyrir nemendum og gera ítarlega grein fyrir ábyrgð nemenda á því að stunda það af kostgæfni og samviskusemi. Gert er ráð fyrir að ferilbók fylgi nemandanum þar sem er gerð er grein fyrir verklegri þjálfun hans í vinnustaðanáminu- verkefnum er lýst og mat lagt á frammistöðu hans, verkætækni, vinnuhraða og hæfni til að veita þjónustu. Í

skóla skal kynna nemendum ferilbókina og útskýra fyrir þeim mikilvægi þess að hún sé rétt og samviskusamlega útfyllt. Fyrirtæki sem gerir samning um þjálfun nemenda á vinnustað ábyrgist að fylgja þeim markmiðum sem tilgreind eru fyrir hársnyrtið og að framfylgja þeim námsþáttum og verklegri þjálfun nemendans sem iðngreinin gerir kröfur um. Mælt er með því að þau fyrirtæki sem taka nemendur í starfsþjálfun feli sveini eða meistara í iðninni að skipuleggja vinnustaðanám nemandans í samræmi við markmiðslýsingar námskrár í hársnyrtið. Framvinda vinnustaðanáms skal skráð í ferilbók nemanda. Ferilbókin er staðfesting á því að nemandinn hafi kynnst þeim námsþáttum, verklagi og vinnubrögðum sem tilgreind eru í innihaldslýsingu viðkomandi iðngreinar. Nemandinn og atvinnurekandi bera sameiginlega ábyrgð á skráningu ferilbókar.

Lokamarkmið náms og kennslu í hársnyrtið

Að loknu námi á nemandinn að:

- geta tekið á móti viðskiptavini á faglegan hátt og sýnt fagaða framkomu
- geta greint ástand hárs á grundvelli fræðilegrar þekkingar
- geta þvegið hár við vask og gefið hárnæringarnudd
- kunna mismunandi efnameðferðir fyrir hár og hársvörð
- kunna skipuleg og vönduð vinnubrögð og sýna vandaðan frágang á áhöldum og vinnusvæði
- kunna að sótthreinsa áhöld og vinnuástöðu með mismunandi sótthreinsiefnum og þekkja til smitvarna
- geta blásið dömu- og herraár í ákveðið form og samkvæmt nýjustu tísku
- geta útfært greiðslur í mismunandi hárlengdir
- geta unnið af öryggi að öllum algengum aðferðum við háralitun og klippingar
- geta skilgreint hugtök út frá ljósmynd
- geta útfært permanent af sjálfstæði fyrir dömu og herra í þeim tíðaranda sem er ráðandi
- geta klippt skegg í mismunandi form og útfærslur
- geta greint einstaklingsþarfir viðskiptavinar varðandi hár og leiðbeiningar um val og notkun hársnyrtivara
- þekkja öryggis- og varúðarráðstafanir varðandi vinnu sína og geta veitt algengustu skyndihjálp

Brautarlýsing

Hársnyrtiiðn (HG8)

168 ein.

Hársnyrtiiðn er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár og skiptist í fimm anna nám í skóla og 72 vikna starfsþjálfun á vinnustað. Markmið námsins er að gera nemendur færa um að veita þá alhliða þjónustu sem í boði er á hársnyrtistofum á hverjum tíma. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar

24 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Erlend tungumál	DAN 102 ENS 102 + 4ein.	8 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 +1 ein.	5 ein.

Sérgreinar

72 ein.

Blástur	BLS 101 201 301 401 501	5 ein.
Háralitun	HLI 101 202	3 ein.
Hárgreiðsla	HGR 103 203 303 402 503	14 ein.
Hárþvottur og snyrting	HÞS 101	1 ein.
Iðnfræði	IFH 102 202 302 401 501	8 ein.
Iðnteikning	ITH 102 202 302	6 ein.
Klipping	KLP 103 202 303 403 503	14 ein.
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL 103	3 ein.
Náttúrufræði	NÁT 103	3 ein.
Permanent	PEM 102 202 302 402 502	10 ein.
Skeggsnyrting og rakstur	RAK 102 201	3 ein.
Þjónustusiðfræði	ÞSF 101	1 ein.
Öryggis-og félagsmál	ÖRF 101	1 ein.

Starfsþjálfun 72 vikur

72 ein.

Æskileg skipting fagbóklegs og verklegs náms eftir önnum

	1. önn	2. önn	3. önn	4. önn	5. önn
Blástur	BLS 101	BLS 201	BLS 301	BLS 401	BLS 501
Hárgreiðsla	HGR 102	HGR 202	HGR 302	HGR 402	HGR 503
Háralitun		HLI 101	HLI 202		
Iðnfræði	IFH 102	IFH 202	IFH 302	IFH 401	IFH 501
Iðnteikning	ITH 102	ITH 202		ITH 302	
Klipping	KLP 103	KLP 202	KLP 303	KLH 403	KLH 503
Permanent	PEM 102	PEM 202	PEM 302	PEM 402	PEM 502
Rakstur			RAK 102		RAK 201
Þvottur/snyrting	HPS 101				
	13 ein.	12 ein.	14 ein.	11 ein.	11 ein.

Dæmi um skiptingu náms í skóla og á vinnustað

Skóli	Vinnustaður	Skóli	Vinnustaður	Skóli	Vinnustaður	Skóli
1. og 2. önn	Starfsþjálfun í 24 vikur	3. önn	Starfsþjálfun í 24 vikur	4. önn	Starfsþjálfun í 24 vikur	5. önn
Skóli	Vinnustaður	Skóli	Vinnustaður	Skóli		
1. og 2. önn	Starfsþjálfun í 48 vikur	3. og 4. önn	Starfsþjálfun í 24 vikur	5. önn		
Skóli	Vinnustaður	Skóli	Vinnustaður	Skóli		
1. og 2. önn	Starfsþjálfun í 24 vikur	3. og 4. önn	Starfsþjálfun í 48 vikur	5. önn		

Áfangalýsingar

BLS 101 Blástur 1

Áfangalýsing

Farið er í allar grunnaðferðir við hárbástur á æfingarhöfði dömu og herra.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að

þekkja

- notkun hárblásara og mismunandi gerðir af burstum
- mótunarefni

geta

- blásið þrjár bylgjur upp frá enni og greitt aftur í hliðum
- blásið herraár í form
- blásið dömuár í mismunandi form
- notað viðeigandi burstu, greiður og mótunarefni

hafa gott vald á

- samspili blásara, burstu og greiðu

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

BLS 201 Blástur 2

Undanfari: BLS 101

Áfangalýsing

Í áfanganum öðlast nemandinn aukna hæfni og tækni í að blása hár á mismunandi vegu og í mismunandi form á æfingarhöfði og á módeli.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að

þekkja

- mismunandi aðferðir við blástur
- notkun krulljárns

geta

- blásið og krullað samkvæmt Pivot Point kerfi
- blásið bylgjur
- blásið dömu- og herraár eftir fyrirfram ákveðnu formi

hafa gott vald á

- sígildu formi í dömu- og herrablæstri

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

BLS 301 Blástur 3

Undanfari: BLS 201

Áfangalýsing

Nemandi fær þjálfun í að blása stífan rúllublástur í form. Hann lærir að blása bylgjublástur herra. Þá öðlast nemandinn frekari hæfni og sjálfstæði við blástur á dömu- og herrahári á módelum.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að þekkja

- mismunandi aðferðir við blástur svo sem bylgjublástur herra og rúlluburstablástur dömu

geta

- blásið rétt bylgjuform
- blásið mismunandi form á dömu- og herramódelum

hafa gott vald á

- blásara, blástursburstum, greiðum og krullujárni
- vali og notkun mótunarefna

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

BLS 401 Blástur 4

Undanfari: BLS 301

Áfangalýsing

Í áfanganum er stefnt að auknu faglegu sjálfstæði nemanda, öryggi og eðlilegum vinnuhraða í formblæstri fyrir dömu og herra og krullujárnstækni samkvæmt Pivot Point kerfi. Þá þjálfast hann í útfærslum á léttum og líflegum greiðslum sem hæfa módeli hverju sinni.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að þekkja

- mismunandi aðferðir við blástur á dömu- og herrahári

geta

- blásið dömu- og herrahár í ákveðið form
- mótað hár með krullujárni
- greitt léttu og líflega greiðslu úr blæstri og krullujárnsméðferð
- unnið verkið á tilsettum tíma

hafa gott vald á

- formblæstri og krullujárnstækni
- dömu- og herrablæstri
- áhöldum og efni til hárblasturs

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

BLS 501 Blástur 5

Undanfari: BLS 402

Áfangalýsing

Í áfanganum er stefnt að því að nemandi geti fengið þá útkomu sem hann óskar með þeim verkfærum sem hann velur t.d.: blásara, bursta, sléttujárni, bylgjujárnri eða krullujárnri.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að þekkja

- tískustrauma hverju sinni.

geta

- blásið dömu- og herrahár samkvæmt nýjustu tísku hverju sinni.
- mótað hár með öllum verkfærum.
- unnið verkið innan eðlilegra tímamarka.

hafa gott vald á

- blæstri og vali á réttum verkfærum við hármótun.

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

HGR 103 Hárgreiðsla 1

Áfangalýsing

Nemandinn fær þjálfun í að rúllð upp og greiða hár á æfingarhöfði í mismunandi form samkvæmt Pivot Point kerfi og kynnist gerð og notkun verklýsingar sem hjálpartækis í hárgreiðslu. Kennend eru grunnatriði klípuísetninga og blautbylgjugreiðslna.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að þekkja

- þrjú mismunandi form á ísetningum og greiðslum, svo sem beint aftur, stjórnun og múrsteinaupprúll.
- viðeigandi hársnyrtiefni og áhöld við ísetningar og greiðslur
- gerð og notkun verklýsinga fyrir hárgreiðslu
- mismunandi form á bylgjugreiðslum
- notkun bylgjugreiðu og klípa

geta

- útbúið rúllubrautir út frá einum punkti samkvæmt Pivot Point kerfi: í miðju, hliðum og við eyrun
- túperað og greitt úr mismunandi upprúllum á æfingarhöfðum
- greitt fjórar blautbylgjur upp frá einni og með hliðarskiptingu ásamt þurrkun og úrgreiðslu
- gert klípuupprúll í æfingarhöfði þannig að út komi fjórar bylgjur með eða án hliðarskiptingar ásamt þurrkun og úrgreiðslu

hafa gott vald á

- skiptingum á brautum
- skaftgreiðu, greiðu og bursta

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

HGR 203 Hárgreiðsla 2

Undanfari: HGR 103

Áfangalýsing

Í áfanganum er kennt að setja rúllur í hár og greiða mismunandi greiðslur á síðu og stuttu hári samkvæmt Pivot Point kerfi miðað við fyrirfram ákveðið form og kennd notkun verklýsinga. Nemandi lærir að greiða bylgjur í allt hárið, bæði beint aftur og með hliðarskiptingu.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- upprúll miðað við fyrirhugaða útkomu, bæði á síðu og stuttu hári
- mismunandi form á bylgjugreiðslum
- notkun bylgjugreiðu og klípa.

geta

- sett í og greitt hár á æfingarhöfði og módeli samkvæmt fyrirfram ákveðnu formi og eftir eigin verklýsingu
- greitt blautbylgjur og sett klípur í módel
- sett klípur í heilt höfuð með eða án skiptinga
- greitt úr svo út komi bylgjur
- greitt bylgjur á módeli samkvæmt eigin hugmynd

hafa gott vald á

- skiptingum og ísetningu samkvæmt Pivot Point kerfi
- bylgju ísetningum og vatnsliðun

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

HGR 303 Hárgreiðsla 3

Undanfari: HGR 203

Áfangalýsing

Nemandi þjálfast í að hanna og útfæra hárgreiðslur miðað við mismunandi hárlengdir sem hæfa viðskiptavini við ýmis tækifæri, bæði dag- og kvöldgreiðslur, m.a með hjálp verklýsinga. Nemandinn kynnist mismunandi tímabilum í sögu hársins og lærir að útfæra greiðslur eftir ljósmyndum og tímaritum.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- mismunandi upprúll og úrgreiðslur miðað við fyrirhugaða útkomu
- mismunandi stíl og stílbrigði á hárgreiðslum
- áhöld og efni sem notuð eru við hárgreiðslur

geta

- útfært greiðslur í mismunandi hárlengdir
- mótað hár með rúllum, nálum og klípum
- notað viðeigandi hárskraut
- útfært mismunandi bylgjugreiðslur í stutt hár
- mótað blautbylgjur fyrir mismunandi form

hafa gott vald á

- daggreiðslum
- greiðslu úr síðu hári
- noktun verklýsinga í hárgreiðslu
- ólíkum aðferðum við upprúll fyrir blautbylgjugreiðslur
- mótun og formun blautbylgja
- notkun viðeigandi áhalda

Námsmat: Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

HGR 402 Hárgreiðsla 4

Undanfari: HGR 303

Áfangalýsing

Í áfanganum er stefnt að því að nemandinn nái sjálfstæðum faglegum tókum á mótun, ísetningu og úrgreiðslu hárs fyrir samkvæmisgreiðslur og læri gerð og notkun lausra hártoppa. Ennfremur lærir hann gerð og notkun hárskrauts fyrir samkvæmisgreiðslur.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- mismunandi upprúll og úrgreiðslur miðað við fyrirhugaða útkomu
- mismunandi stíl og stílbrigði á hárgreiðslum
- áhöld og efni sem notuð eru við hárgreiðslur
- þekkja sigild form á samkvæmisgreiðslum
- þekkja mismunandi ísetningu hártoppa og hárskrauts

geta

- útfært greiðslur í mismunandi hárlengdir
- unnið og útbúið hártoppa og hárskraut
- geta greitt í mismunandi form

hafa gott vald á

- mismunandi aðferðum við ísetningu og úrgreiðslu
- samkvæmisgreiðslum, m.a með viðbótar hártoppi og hárskrauti.

Námsmat: Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

HGR 503 Hárgreiðsla 5

Undanfari: HGR 402

Áfangalýsing.

Nemandi öðlast faglegt sjálfstæði í mótun á blautbylgjum og mismunandi upprúlli með klípum ásamt úrgreiðslu. Ennfremur öðlast hann frekari færni í daggreiðslu, brúðargreiðslu, svo og uppsetningu á síðu hári. Leitast er við að glæða listrænan skilning á handverkinu sem nýtist nemandanum við hinar ýmsu aðstæður. Nemandinn þjálfast í að leysa úr ólíkum verkefnum sem lögð eru fyrir hann.

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- mismunandi upprúll og úrgreiðslur miðað við fyrirhugaða útkomu
- mismunandi stíl og stílbrigði á hárgreiðslum
- áhöld og efni sem notuð eru við hárgreiðslur
- mismunandi úfærslu á tiskugreiðslum í stuttu og síðu hári.

geta

- útfært greiðslur í mismunandi hárlengdir
- leiðbeint viðskiptavini um val á greiðslu.
- greitt í mismunandi greiðslur

hafa gott vald á

- mismunandi aðferðum við ísetningu og úrgreiðslu hárs.

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

HLI 101 Háralitun 1

Áfangalýsing

Farið er í grundvallaratriði við háralitun. Frætt er um helstu áhöld og efni sem notuð eru til háralitunar. Farið er í litastjörnuna, nemandi kennt að greina á milli heitra og kaldra lita. Kennd notkun prufulokka.

Áfangamarkmið

Að námi loknu á nemandinn að
þekkja

- litaspjöld og notkun þeirra
- grunnliti og blöndunarliti
- a.m.k. þrjár tegundir háralitunarefna
- áhrif litarefna á hár
- nokkun og hreinsun áhalda sem notuð eru við háralitun.

geta

- greint náttúruleit viðskiptavinar útfrá litaspjaldi, valið og blandað
- háralit samkvæmt því.

hafa gott vald á

- að bera lit í hár.

Námsmat: Frammistaða á önn 30%.
Lokapróf 70%.

HLI 202 Háralitun 2

Undanfari: HLI 101

Áfangalýsing

Fjallað er um litaspjöld í áfanganum og kenndur greinarmunur milli helstu háralitunarefna. Nemendur læra að gera spjaldskrá. Nemandi þjálfast í að lita hár samkvæmt óskum viðskiptavinar, greina hlutfall af gráu hári og ástand hárs. Nemandi beitir mismunandi aðferðum við lokkalitun, s.s með strípuhettu, í álpappír og með spaða. Nemandi lærir að leiðrétta mistök við háralitun.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- litaspjöld og möguleika við notkun þeirra
- grunnliti, blöndunarliti, heita og kalda liti
- mismunandi aðferðir við háralitun
- spjaldskrá með upplýsingum um viðskiptavini.

geta

- framkvæmt mismunandi háralitun
- litað hár með varanlegum og hálfvaranlegum lit
- gert strípulitun á mismunandi vegu
- leiðrétt mistök við háralitun

hafa gott vald á

- vali á háralit, notkun spjaldskrár og íburði háralitar.

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

HPS 101 Hárvottur og snyrting 1

Áfangalýsing

Nemandinn kynnist helstu aðferðum og efnum sem notuð eru við hárvott og hárnæringu og lærir að gefa viðskiptavininum sínum almenn ráð varðandi val á hársnyrtiefnum.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- mismunandi gerðir hárvottaefna og næringa

geta

- þvegið hár við vask
- gefið hárnæringarnudd
- greint mismunandi hárgerðir og ástand hárs með hliðsjón af vali á hársnyrtiefnum

- leiðbeint varðandi val á hársnyrtiefnum

hafa gott vald á

- hárvotti og næringarmeðferðum

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

IFH 102 Iðnfræði 1

Áfangalýsing

Nemandinn fræðist um ph-gildi hárs og grunnþætti Pivot Point kerfisins. Fjallað er um mannleg samskipti og persónulegt hreinlæti, stöður og vinnustellingar.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að þekkja

- Ph-kvarðann
- helstu þætti Pivot Point kerfisins
- almennar umgengnisreglur

geta

- greint mun á súrum og basískum vörum
- haft grunnsamskipti við viðskiptavini t.d. í móttöku og sí mavörslu

hafa gott vald á

- mannlegum samskiptum

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

IFH 202 Iðnfræði 2

Undanfari: IFH 102

Áfangalýsing

Nemandinn fær innsýn í þjónustufræði og áttar sig á mikilvægi persónulegrar og fagmannlegrar þjónustu við viðskiptavini. Hann öðlast skilning á efnafræði hárlitunar- og permanent-efna. Farið er í lykilorð við lestur leiðbeininga með hársnyrtiefnum á ensku og e.t.v. fleiri tungumálum. Hár skoðuð í smásjá, verklýsingar.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að þekkja

- hvað einkennir góða þjónustu og æskilega framkomu í umgengni við viðskiptavini
- efnafræði permanents og hárlitunarefna
- helstu fagheiti sem notað eru í leiðbeiningum með hársnyrtiefnum á enskri tungu

geta

- þjónustað viðskiptavini á viðeigandi hátt
- valið mismunandi hársnyrtiefni með tilliti til ástands hárs og hársvarðar
- valið og notað rétt permanent- og hárlitunarefni

- lesið leiðbeiningar og notkunarreglur efna á ensku

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

IFH 302 Iðnfræði 3

Undanfari: IFH 202

Áfangalýsing

Í áfanganum er farið í þróun hártísku í gegnum tíðina og hvað einkennir stílbligðri ólíkra tímabila Fjallað er um verklýsingar, þjónustufræði, stöður og vinnustellingar.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- helstu tímabil í sögu hártísku og megineinkenni þeirra
- helstu grunnatriði er móta persónuleika manna og stjórna athöfnum þeirra og samskiptum í daglegu lífi og viðskiptum

geta

- veitt þjónustu í samræmi við óskir viðskiptavinar, m.a. ráðlagt um útlit og stíl

Námsmat : Frammistaða á önn 50%
Lokapróf 50%

IFH 401 Iðnfræði 4

Undanfari: IFH 302

Áfangalýsing

Farið í gegnum byggingareiningar hársins og prótínið keratín. Haldið er áfram umfjöllun um verklýsingar, stöður og vinnustellingar og þjónustufræði.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- mismunandi gerðir og form verklýsinga.
- mikilvægi rétttrar líkamsbeitingar.
- virkni mismunandi hársnyrtivara.

geta

- skipulagt vinnu samkvæmt verklýsingum.
- ráðlagt viðskiptavini við val á hársnyrtivörum.
- beitt líkamanum rétt við vinnu á hársnyrtistofum.

Námsmat : Frammistaða á önn 70%
Lokapróf 30%

IFH 501 Iðnfræði 5

Undanfari: IFH 401

Áfangalýsing

Unnið er með verklýsingar. Nemandinn lærir að skilgreina hugtök út frá ljósmyndum samkvæmt Pivot Point kerfi. Hann aflar sér færni í hárlitunar- og pmanentefnum. Nemandinn tileinkar sér nýjungar sem upp kunna að koma hverju sinni (permanent, klippingar, háralitun, hárgreiðsla).

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- gerð verklýsinga
- öll kemisk efni sem tilheyra háriðninni

geta

- gert verklýsingar
- framkvæmt litaleiðréttingar

Námsmat : Frammistaða á önn 70%
Lokapróf 30%

KLP 103 Klipping 1

Áfangalýsing

Nemandinn kynnist grunnatriðum Pivot Point kerfisins við klippingu á æfingarhöfðum og tileinkar sér helstu hugtök. Hann fær grunnþjálfun í gerð verklýsinga og í meðferð og beitingu áhalda og tækni við klippingu.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- Pivot Point kerfið og hvernig það er notað við hönnun og framkvæmd klippinga
- hugtökin hverfipunktur, jafnsítt, flái, auknar og jafnar stytur og þau hárfarm sem hugtökin tákna
- helstu áhöld sem notuð eru við klippingar

geta

- klippt æfingarhöfuð dömu og herra, einnig vanga og hnakkatopp í jafnsítt form, auknar og jafnar stytur og fláa
- gert verklýsingu á klippingunni

hafa gott vald á

- greiðu, skærum og þynningarskærum.

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

KLP 202 Klipping 2

Undanfari: KLP 103

Áfangalýsing

Nemandinn fær aukna þjálfun við klippingu samkvæmt Pivot Point kerfi á æfingarhöfði og módeli

Öðlast grunnþekkingu á formklippingu (herra), aukna þekkingu á fláa, auknum stytum, jöfnum stytum og þynningu. Lögð er áhersla á vinnu með klippivélum með mismunandi kömbum og einnig á hnífum til þynningar.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að þekkja

- til hlítar ýmis hugtök sem tengjast klippingum

geta

- klippt hnakka og hliðartopp snögg með vél og skærum
- þynnt hár með hníf og þynningarskærum
- klippt formklippingu á æfingarhöfði og módeli samkvæmt Pivot Point út frá eigin verklýsingu
- klippt dömu- og herraklippingu samkvæmt eigin verklýsingu á æfingarhöfði og módeli
- klippt módel samkvæmt óskum þess og gert verklýsingu af verkinu

hafa gott vald á

- greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum, klippivél með skiptanlegum kömbum.

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

KLP 303 Klipping 3

Undanfari: KLP 202

Áfangalýsing

Nemandinn öðlist leikni í snöggri herra klippingu (enskt form) samkvæmt Point Point kerfi á módelum. Öðlist færni í að tengja saman mismunandi form (jafnsitt, jafnar stytur, auknar stytur, flái og þynning) eftir eigin verklýsingu, samkvæmt Point Point kerfi á módeli og fjölbreyttar tískuklippingar dömu og herra.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að þekkja

- enskt form á klippingu
- mismunandi tískulínur og útfærslur þeirra
- mismunandi skæri, vélar, kamba og hnífa

geta

- klippt snögga klippingu (enskt form), eytt út hnakka, gert útlínur skarpar og þynnt hár eftir þörfum
- klippt mismunandi tískulínur fyrir dömum og herra

hafa gott vald á

- snöggri klippingu herra (enskt form)
- grunnformgerðum (jafnsitt form, auknar og jafnar stytur og flái)
- mismunandi dömu- og herraklippingum
- öllum áhöldum og tækjum sem tilheyra klippingum
- skipulagningu, gerð verklýsinga og tímasetningu verka

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

KLH 403 Klipping og háralitun 4

Undanfari: KLP 303

Áfangalýsing

Í áfanganum er stefnt að því að nemandi geti samþætt kunnáttu og færni frá fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við klippingu og háralitun. Hann þjálfast enn frekar í samspili þessara þátta þannig að út komi heildarmynd sem hæfi viðskiptavini hverju sinni

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- allar aðferðir og efni við háralitun sem tíðkast á hársnyrtistofum
- mismunandi tískulínur í klippingum og útfærslur þeirra
- einnig mismunandi samspil klippingar og háralitunar

geta

- beitt öllum algengum aðferðum við háralitun s.s.heillitun, forlitun, hlutalitun og lokkalitun
- leiðrétt litamistösk
- gefið ráð um val á lit og form á klippingu

hafa gott vald á

- öllum algengum aðferðum við háralitun s.s.heillitun, forlitun, hlutalitun og lokkalitun
- ráðleggingum um val á lit og form á klippingum

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

KLH 503. Klipping og háralitun 5

Undanfari: KLH 403

Áfangalýsing

Nemandi nýtir sér áunna færni frá vinnustaðanámi og fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við klippingu og háralitun. Hann þjálfast enn frekar í samspili við ráðandi tískustrauma og hefur undirbúning fyrir lokapróf.

Áfangamarkmið

Að loknu námi áfanganum á nemandi að
þekkja

- allar aðferðir og efni við háralitun sem tíðkast á hársnyrtistofum
- mismunandi tískulínur sem eru ráðandi hverju sinni
- einnig mismunandi samspil klippingar og háralitunar

geta

- unnið af öryggi að öllum algengum aðferðum við háralitun og klippingar
- leiðbeint viðskiptavini við val á klippingum og háralit almennt og samkvæmt nýjustu tísku

hafa gott vald á

- klippitækni og litatækni, efnanotkun og meðferð þeirra.

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

PEM 102 Permanent 1

Áfangalýsing

Nemandi kynnist grunnatriðum við ísetningu á permanenti ásamt gerð og notkun verklýsinga fyrir permanent.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að
þekkja

- grunnskiptingu fyrir upprúll
- fjórar mismunandi gerðir upprúlla
- a.m.k. tvær tegundir permanentefna
- mismunandi spólustærðir og gerðir

geta

- gert grunnskiptingar fyrir upprúll
- rúllað upp hárinu:
 - beint aftur, niður í hliðum og hnakka
 - með hliðarskiptingu
 - beint aftur og boga í hliðum
 - múrsteinaupprúll
- búið til verklýsingar fyrir permanent
- sett permanent í módel samkvæmt verklýsingu

hafa gott vald á

- vinnu með áhöld, að halda á greiðu á sama tíma og rúllað er upp
- að nota endapappir rétt
- að jafna spennu á hári frá rót að enda

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

PEM 202 Permanent 2

Undanfari: PEM 102

Áfangalýsing

Nemandi fær frekari þjálfun og öðlast færni í upprúllun á permanenti og gerð verklýsinga. Farið er í ýmis permanentefni og vinnuaðferðir og kennd greining hárs.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að:
þekkja

- mismunandi upprúll fyrir permanent og útkomu úr þeim
- spólugerðir og notkun þeirra
- tvær tegundir efna og notkun þeirra.

geta

- greint ástand hárs
- valið efni með hliðsjón af greiningu
- meðhöndlað á viðeigandi hátt eftir meðferð
- notað a.m.k. tvær tegundir permanentefna
- sett permanent í módel samkvæmt verklýsingu, hvort sem um er að ræða sítt eða stutt hár

hafa gott vald á

- vali á permanentvökva
- ísetningu permanentvökva
- skolun og festun

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

PEM 302 Permanent 3

Undanfari: PEM 202

Áfangalýsing

Nemandi lærir að útfæra permanent samkvæmt verklýsingu að óskum viðskiptavina af báðum kynjum og færa spjaldskrá. Hann velur og notar efni með tilliti til hárgerðar og ástands hársins hverju sinni. Nemandi lærir að leiðbeina viðskiptavinum við val á eftirmeðhöndlun.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að:

þekkja

- permanentefni fyrir ólíkar hárgerðir, svo sem náttúrulegt, grátt og litað

geta

- rúllað upp permanenti í dömu- og herrahár
- greint hárið og valið efni samkvæmt því
- gefið ráð um eftirmeðhöndlun

hafa gott vald á

- ísetningu permanents
- vali efna og spólugerða
- gerð verklýsinga og spjaldskrár.

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

PEM 402 Permanent 4

Undanfari: PEM 302

Áfangalýsing

Nemandi öðlast þjálfun í að útfæra permanent með öllum helstu spólutegundum sem eru á markaðnum hverju sinni. Unnið er út frá ljósmyndum og fagblöðum. Þjálfuð er permanentsléttun, gerð verklýsinga og spjaldskrár af verkinu.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að

þekkja

- permanentefni.
- útfærslu á spjaldskrá.

geta

- valið efni og spólugerðir miðað við hárgerð og fyrirhugaða útkomu
- gert spjaldskrá fyrir viðskiptavin
- valið módel til prófs með tilliti til endanlegrar útkomu

hafa gott vald á

- heildarútfærslu permanents á dömu- og herra módelum samkvæmt eigin verklýsingu og innan tímamarka sem teljast eðlileg í iðngreininni.

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

PEM 502 Permanent 5

Undanfari: PEM 402

Áfangalýsing

Stefnt er að því að nemandi geti útfært permanent fyrir dömur og herra í þeim tíðaranda sem er ráðandi og tekið frumkvæði við val á efnum, með tilliti til endarlegrar útkomu. Hann skal geta gert verklýsingu og spjaldskrá af verkinu, greint ástand hársins, valið spólugerðir miðað við hárgerð viðskiptavina og fyrirhugaða útkomu samkvæmt verklýsingu.

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að

geta

- unnið af sjálfstæði
- unnið eftir þeim straumum sem eru ráðandi hverju sinni
- valið efni og spólugerðir miðað við hárgerð og fyrirhugaða útkomu
- gert spjaldskrá fyrir viðskiptavin og verklýsingu
- valið módel til prófs með tilliti til endarlegrar útkomu
- ákveða útkomu sem hæfir viðkomandi persónu

hafa gott vald á

- sjálfstæðum vinnubrögðum
- tískustraumum hverju sinni

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

RAK 102 Skeggsnyrting og rakstur 1

Áfangalýsing

Nemandi lærir að klippa og greiða skegg í mismunandi form miðað við mismunandi andlitslögun samkvæmt Pivot Point kerfi. Einnig er rakað með rakhníf að útlínunum skeggs.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að

þekkja

- mismunandi andlitsform og skeggform
- rakstursbrautir

- efni og áhöld sem notuð eru við skeggklippingu og rakstur

geta

- klippt skegg í mismunandi form
- rakað í kringum skegg með rakhníf

hafa gott vald á

- greiðum, skærum, rakhníf og klippivél

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%

RAK 201. Skeggsnyrting og rakstur 2

Undanfari: RAK 102

Áfangalýsing

Nemandi fær upprifjun í að klippa og greiða skegg í mismunandi form miðað við mismunandi andliðslögun. Auk þess lærir hann að klippa og raka alskegg í mismunandi form og munstur. Hann útfærir skeggklippingar og rakstur eftir tískustraumum hverju sinni.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að

þekkja

- mismunandi skeggvöxt og húð.
- raksturstækni í samræmi við það.
- efni og áhöld sem notuð eru við skeggklippingu og rakstur.

geta

- klippt skegg í mismunandi form og útfærslur.
- rakað í kringum skegg með rakhníf og gert skarpar línur.
- greitt mismunandi greiðslur á skeggi.

hafa gott vald á

- formmótun við skeggsnyrtingu og rakstur

Námsmat : Frammistaða á önn 30%
Lokapróf 70%